

7. gr.

Þegar manntalið hefur farið fram og sveitarstjórn hefur fengið í hendur manntalsskýrslurnar, skal hún, með aðstoð hreppstjóra og sóknarprests, fara yfir þær og lagfæra þær vandlega. Meðal annars skal, eftir því sem tök eru á, leiðrétta rangar upplýsingar í skýrslunum og bæta við upplýsingum, sem vantar á þær. Skal þessu verki lokið eigi síðar en 31. október í kaupstöðum og eigi síðar en 10. nóvember í hreppum. Þegar eftir lok þessa frests skulu frumritin af skýrslum hvers kaupstaðar og hrepps send Hagstofunni í einu lagi.

Hagstofan getur, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, framlengt frest þann, sem um getur í 1. mgr.

8. gr.

Í sambandi við undirbúning spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrir hugað er að koma á fót, skulu sóknarprestar, eftir því sem unnt er, láta Hagstofunni í té upplýsingar þær um fyrrverandi og núverandi sóknarbörn, sem kann að vera þörf fyrir vegna spjaldskrárinnar. Sama skylda hvílir á sveitarstjórnnum, að því er snertir upplýsingar um einstaklinga, sem eru eða hafa verið búsettir í umdæmi þeirra.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. nóvember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um afnám laga nr. 41 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 41 26. október 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. nóvember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.